

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi,
Gerðahreppi, Vatnsleysustrandahreppi og Hafnahreppi
fyrir árið 1985.

1. gr.

Upphæð gjalds fyrir hundahald fyrir árið 1985 skal vera kr. 3 000,00 fyrir hvern hund sbr. 2. gr. staflíð b í samþykkt nr. 337/1983 um hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandahreppi og Hafnahreppi.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 3. gr. samþykktar nr. 337/1983 skal vera kr. 3 000,00 í fyrsta skipti, kr. 4 000,00 í annað skipti og kr. 5 000,00 í þriðja skipti.

3. gr.

Ofangreind ákvörðun Keflavíkurkaupstaðar, Njarðvíkurkaupstaðar, Grindavíkurkaupstaðar, Miðneshrepps, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandahrepps og Hafnahrepps, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. janúar 1985.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

1. febrúar 1985

AUGLÝSING

Nr. 73

um breytingu á auglýsingu nr. 267 4. júní 1980 um sérstaka
tollmeðferð vegna viðskiptasamnings EFTA-landanna og Spánar.

1. gr.

12. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

EUR. 1 skírteini ber að afhenda tolyfírvöldum, þar sem vörunum er framvísað og eftir þeim reglum sem þar um gilda, innan tólf mánaða frá komudegi flutningsfars er flutti vörurnar til landsins.

Tollyfírvöldum er heimilt að veita EUR 1 skírteini viðtöku eftir lok sýningarfrestsins sem nefndur er í 1. mgr. þegar ástæða þess að skírteinið var ekki sýnt innan frestsins er óviðráðanlegar orsakir („force majeure“) eða óvenjulegar aðstæður.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. febrúar 1985.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.